STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2018, mánudaginn 26. febrúar kl. 13:15 var haldinn 256. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Áslaug M. Friðriksdóttir, Rakel Óskarsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, að hluta.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð stjórnafundar SF 255 undirrituð og staðfest.

2. Klukkan 13:20 mættu Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bjarni Freyr Bjarnason til fundarins og kynntu drög að ársreikningi 2017. Umræður. Ákveðið að halda símafund til að afgreiða reikninginn þann 8. mars 2018.

3. Ingvar Stefánsson fór yfir lykiltölur fjármála. Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 13. febrúar 2018. Einnig lagt fram og kynnt minnisblað um arðsemiskröfu starfsþátta, dags. 20. febrúar 2018. Umræður.

4. Klukkan 14:30 kynnti Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, innri endurskoðun borgarinnar og hlutverk embættisins gagnvart OR, skv. tímabundnum samningi.

5. Lagt fram erindi Reykjavíkurborgar, dags. 24. janúar 2018, þar sem fram kemur að tekið hafi verið tilboði endurskoðunarfyrirtækisins Grant Thornton í útboði samstæðu Reykjavíkurborgar á endurskoðunarþjónustu.
   Lögð fram svohljóðandi tillaga:

   „Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að Grant Thornton verði ráðið endurskoðunarfyrirtæki fyrir reikningsskil áranna 2018 til og með 2022.“

   Samþykkt samhljóða.

6. Gylfi Magnússon og Rakel Óskarsdóttir lögðu fram og kynntu minnisblað, dags. 26. febrúar 2018, ásamt tillögu að framtíðar fyrirkomulagi innri endurskoðunar OR. Samþykkt að afla umsagna endurskoðunarnefndar og innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um tillöguna fyrir marsfund stjórnar.

7. Klukkan 15:00 vék forstjóri af fundi. Sigríður Rut Júlíusdóttir kynnti framlagt minnisblað, dags. 20. febrúar 2018, ásamt eftirfarandi tillögu starfskjaranefndar um starfskjör forstjóra:

   „Starfskjaranefnd telur rétt að laun forstjóra OR séu hækkuð um 6,9%. Tillaga starfskjaranefndar er að laun forstjóra hækki úr 2.220.870 í 2.374.110 (6,9%) þann 1. febrúar 2018 að undangengnu frammistöðumati.“

   Tillagan samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Rakelar Óskarsdóttur. Kjartan Magnússon og Áslaug M. Friðriksdóttir sitja hjá. Stjórnarformanni falið að meta frammistöðu forstjóra.

8. Klukkan 15:15 mætti Íris Lind Sæmundsdóttir, lögfræðingur og kynnti skýrslu regluvarðar, dags. 23. febrúar 2018. Einnig lögð fram og kynnt svohljóðandi viðmið um skráningu á fruminnherjalista:

   „Á fruminnherjalista skulu öllu jöfnu vera skráðir stjórnarmenn í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, varamenn þeirra, forstjóri og helstu stjórnendur innan hennar, innri og ytri endurskoðendur fyrirtækisins og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.
   Einnig skulu aðrir starfsmenn samstæðunnar sem hafa víðtækan aðgang að gögnum vera skráðir fruminnherjar, t.a.m. starfsmenn upplýsingatækni og öryggisverðir. Skal regluvörður meta þörf á skráningu slíkra aðila á innherjalista hverju sinni.
   Verði innherji ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.“

   Samþykkt.

9. Klukkan 15:30 mætti Kenneth Breiðfjörð, forstöðumaður Innkaupa og rekstrarþjónustu til fundarins og kynnti innkaupstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Lagt er til að stefnan verði samþykkt óbreytt.
   Samþykkt samhljóða.

10. Klukkan 15:40 mættu Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri til fundarins, lögðu fram og kynntu drög að árs- og umhverfisskýrslu 2017. Umræður.
    Skýrslan borin upp, samþykkt og árituð af stjórnarmönnum.

11. Klukkan 16:05 kynntu Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og Edda Sif Aradóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Þróunar minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22. febrúar 2018 og um forðagæslu, dags. sama dag. Umræður.
    Kjartan Magnússon og Áslaug Friðriksdóttir óska bókað:

    „Kjartan Magnússon og Áslaug Friðriksdóttir fagna uppsetningu loftgæðamælistöðvar í Grafarholti-Úlfarsárdal, sem fyrirhugað er að taka í notkun um mánaðamótin febrúar-marz. Frá árinu 2013 hafa borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítrekað lagt fram tillögur um að loftgæðamælingar í eystri hluta borgarinnar verði auknar í því skyni að tryggja að almenningur sé ætíð upplýstur um loftgæði á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Hafa þeir lagt til að síritandi mælistöðvar verði settar upp við austurenda byggðar í Grafarholti-Úlfarsárdal og í Breiðholti. Um leið og uppsetningu mælistöðvar í Grafarholti-Úlfarsárdal er fagnað, er enn og aftur minnt á tillögur Sjálfstæðisflokksins um að slíkri stöð verði einnig komið fyrir í Breiðholti.“

12. Edda Sif Aradóttir og Elín Smáradóttir gerðu grein fyrir fundi með Einkaleyfastofu um einkaleyfi í jarðhita.

13. Klukkan 16:40 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og kynnti stefnuáætlanir og áherslur í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

14. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.

15. Önnur mál.

- Áslaug M. Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon lögðu fram eftirfarandi tillögu:

  Stjórn Orkuveitunnar samþykkir ósk forstjóra Símans um að hitta stjórn OR til að gera grein fyrir sjónarmiðum Símans í ljósi þess að Gagnaveitan hefur formlega hafnað frekari viðræðum við Símasamstæðuna um aðgang að ljósleiðaraneti GR í óvirku formi en Síminn hefur óskað eftir að eiga viðskipti við Gagnaveituna sem nemur um mörg hundruð milljónum árlega.

  Frestað.

- Áslaug M. Friðriksdóttir og Kjartan Magnússon lögðu fram eftirfarandi fyrirspurn:

  Óskað er eftir upplýsingum um samninga ON við fyrirtæki vegna rafhleðslustöðva. Hvernig var samið, hver voru samningsmarkmið og hvernig sér ON fyrir sér framhaldið til dæmis með það hvernig horfið verði af samkeppnismarkaði þegar hann tekur við sér.

Stjórnarformaður lagði fram tilboð um ytra mat á störfum stjórnar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17:00.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Áslaug M. Friðriksdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Rakel Óskarsóttir,
Sigríður Rut Júlíusdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2018, mánudaginn 22. janúar kl. 13:15 var haldinn 255. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Fundinn sátu: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Marta Guðjónsdóttir í fjarveru Kjartans Magnússonar, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Halldór Halldórsson í fjarveru Áslaugar M. Friðriksdóttur, Rakel Óskarsdóttir og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Einnig tók þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir stjórnafundar SF 253 og 254 undirritaðar og staðfestar.

2. Lagt fram yfirlit um rekstur samstæðu OR.

   Klukkan 13:20 mætti Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála til fundarins ásamt Víði Ragnarssyni, sérfræðingi í mannauðsmálum og fjölluðu þeir um skuldbindingar OR vegna Brúar lífeyrissjóðs. Drög að samkomulagi við Brú lífeyrissjóð lögð fram.

   Samþykkt samhljóða.

3. Klukkan 13:40 mættu Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og Edda Sif Arnadóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Þróunar til fundarins, lögðu fram og kynntu minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 18. janúar 2018 og um forðagæslu, dags. sama dag. Umræður.

   Klukkan 14:00 mætti Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna, til fundarins og kynnti ásamt umhverfisstjóra upplýsingar um gerlamengun sem kom fram í neysluvatni. Umræður.

   Marta Guðjónsdóttir og Halldór Halldórsson óska bókað:

   > *Ljóst er skerpa þarf á verkferlum um tilkynningaskyldu til almennings þegar um umhverfis- og eða mengunarslys er að ræða. Margt fór úrskeiðis við að koma uppfærðum upplýsingum til almennings varðandi gerlamengun í neysluvatni. Fréttatilkynningar fóru ýmist of seint út eða voru ekki með réttum upplýsingum og tveimur hverfum sleppt þar sem grunur lék á um að vatnið gæti verið heilsuspillandi. Þegar mengun af þessu tagi kemur upp sem snertir meira og minna alla borgarbúa væri réttast að boða til blaðamannafundar og upplýsa um málið.*

4. Klukkan 15:00 mætti Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi, til fundarins og kynnti drög að ársskýrslu ársins 2017, sem einnig er umhverfisskýrsla, ásamt Hólmfríði Sigurðardóttur, umhverfisstjóra. Framsetning skýrslu ársins 2017 er með breyttu sniði. Óskað eftir ábendingum stjórnar fyrir 31. janúar nk.

5. Klukkan 15:20 mættu Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Trausti Björgvinsson, forstöðumaður virkjanareksturs ON til fundarins og gerðu grein fyrir eldsvoða sem varð í Hellisheiðarvirkjun þann 13. janúar sl. Umræður.

6. Klukkan 15:40 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, til fundarins og lagði fram rýni heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur.
   Samþykkt samhljóða með smávægilegum breytingum.

7. Lagðar fram til rýni siðareglur Orkuveitu Reykjavíkur. Ekki eru lagðar til breytingar á gildandi siðareglum.
   Siðareglur samþykktar samhljóða.

8. Lögð fram til rýni óbreytt starfskjarastefna. Stefnan hefur verið rýnd hjá starfskjaranefnd.
   Starfskjarastefna samþykkt samhljóða.

9. Rætt um fyrirkomulag innri endurskoðunar Orkuveitu Reykjavíkur. Ítrekað er erindi til eigendasveitarfélaga frá 22. nóvember 2017 þar sem þess var óskað að eigendur gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum um fyrirkomulag innri endurskoðunar.

10. Lagt fram erindi Símans dags. 5. janúar 2018. Stjórn er meðvituð um að viðræður eru enn í gangi á milli Símans og Gagnaveitu Reykjavíkur. Samþykkt að beina erindinu til stjórnar Gagnaveitu Reykjavíkur, enda varðar efni þess verkefni GR.

Halldór Halldórsson vék af fundi klukkan 16:30

11. Lagt fram erindi, dags. 13. desember 2017, um verklag við beitingu 18. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavikur ásamt minnisblaði Þjónustu um sama efni, dags. 8. janúar 2018. Samþykkt að svara erindinu með vísan til efnis minnisblaðsins.

12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.

13. Önnur mál.
    - Lagt fram minnisblað forstjóra, dags. 22. janúar 2018, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri skipan stjórnar Foss fasteignafélags slhf. Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða skipan stjórnarinnar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16:45.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Áslaug M. Friðriksdóttir, Gylfi Magnússon, Halldór Halldórsson, Marta Guðjónsdóttir,
Rakel Óskarsóttir, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson.

Innri endurskoðun OR og dótturfyrirtækja

Minnisblað 26.2.18 (GM og RÓ)

Í grundvallaratriðum eru þrír kostir í boði varðandi fyrirkomulag innri endurskoðunar OR:

1) Stjórn OR ræður eigin starfsmann til að sinna innri endurskoðun, líkt og tíðkaðist fram að síðustu áramótum.
2) OR semur við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um að hún sinni verkefninu, líkt og gert hefur verið undanfarnar vikur.
3) OR býður verkið út til einkaaðila, væntanlega endurskoðunarfyrirtækis.

Jafnframt er hægt að hugsa sér ýmsar útfærslur á endurskoðunarnefnd fyrir OR. Í grundvallatriðum kemur þó einkum til greina annað hvort núverandi fyrirkomulag, þar sem endurskoðunarnefnd RVK er jafnframt endurskoðunarnefnd OR, og hins vegar að vera með sjálfstæða endurskoðunarnefnd líkt og tíðkaðist um skeið.

Samspil innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar er og verður að vera náið. Jafnframt eru báðar einingarnar mikilvægir þættir í stjórnkerfi OR og dótturfyrirtækja. Hér verður ekki lögð til breyting á því fyrirkomulagi að fela endurskoðunarnefnd RVK að vera jafnframt endurskoðunarnefnd OR. Þó er ljóst að því fylgja bæði kostir og gallar sem ekki verður reynt að reifa hér.

Staða Reykjavíkurborgar er talsvert önnur en hinna tveggja eigendasveitarfélaganna þegar kemur að málefnum OR. Það skiptir máli þegar fyrirkomulag innri endurskoðunar er ákveðið. Bæði er eignarhlutur borgarinnar miklu stærri og því meiri hagsmunir undir. Einnig hefur borgin þá sérstöðu að efnahags- og rekstrarreikningar OR eru hluti af samstæðuuppgjöri borgarinnar. OR vegur þar raunar mjög þungt vegna stærðar fyrirtækisins. Eignarhlutur í OR hefur ekki sambærileg áhrif á samstæðuuppgjör hinna sveitarfélaganna þótt hann skipti þau vitaskuld einnig miklu máli.

Í ljósi þessarar stöðu getur verið snúið að stilla upp fyrirkomulagi innri endurskoðunar OR þannig að hún þjóni bæði vel hagsmunum fyrirtækisins og öllum eigendunum.

Stjórn OR óskaði eftir sjónarmiðum eigendasveitarfélaganna þriggja og hafa þau nú borist. Reykjavíkurborg hugnaðist best að innri endurskoðun borgarinnar sinnti verkefninu (kostur 2) en Akranes og Borgarbyggð vildu að eigin starfsmaður OR sinnti verkefninu (kostur 1).

Í ljósi þess að hér fara óskir eigenda ekki saman verður lagt til að farin verði millileið sem byggir á bæði kosti 1 og 2.

Stjórn OR auglýsi eftir starfsmanna til að sinna innri endurskoðun. Ráðningarstofu verði falin umsjón með ráðningarferlinu en endanlegt val á starfsmanni verður stjórnarinnar. Berist umsókn frá hæfum aðila þá verði hann ráðinn til verksins.

Jafnframt verði samstarfssamningur innri endurskoðunar OR og RVK útfærður nánar þannig að reynt verði að tryggja að eftirfarandi markmið náist:

a) Innri endurskoðandi OR heldur sjálfstæði sínu og bæði stjórn OR (og eftir atvikum stjórnir dótturfélaga) og eigendasveitarfélög geti leitað til hans millliliðalaust.
b) Innri endurskoðandi OR hefur aðgang að mannauði og kerfum innri endurskoðunar RVK til að styrkja hann í sínu starfi. Hann getur m.a. leitað til innri endurskoðunar RVK um aðstoð eða samstarf við viðameiri verkefni.
c) Innri endurskoðun RVK hefur þann aðgang að gögnum og starfsfólki OR sem nauðsynlegur er til að geta sannreynt að innri endurskoðun OR sé fullnægjandi. Verkefnaval og verkáætlanir innri endurskoðunar OR eru m.a. útfærðar með hliðsjón af því að þetta markmið náist.
d) Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar verður jafnframt áfram endurskoðunarnefnd OR. Samningur um samstarf innri endurskoðunar OR og RVK endurspeglar þetta. OR hefur hér eftir sem hingað til aðgang að nefndinni, fulltrúi hennar kemur reglulega á stjórnarfundi OR og fulltrúi eða fulltrúar stjórnar OR koma reglulega á fundi endurskoðunarnefndarinnar. Með þessu verði reynt að tryggja að starf nefndarinnar fullnægi vel þörfum OR fyrir endurskoðunarnefnd.

Reykjavík, 23. febrúar 2018

Skýrsla regluvarðar

Starfsárin 2016 og 2017

Íris Lind Sæmundsdóttir, regluvörður OR

Útgefandi: Orkuveita Reykjavíkur
Útgáfudagur: 23. febrúar 2018
Umsjón og ábyrgð: Íris Lind Sæmundsdóttir

Orkuveita Reykjavíkur

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr.	Útgáfudagur	Útgáfustaður
4	**23.02.2018**	**Reykjavík**
Heiti skýrslu **Skýrsla regluvarðar – starfsárin 2016 og 2018**		
Upplag	Fjöldi síðna	Dreifing **Stjórn OR**
Höfundur/ar **Íris Lind Sæmundsdóttir**		Verknúmer
Unnið fyrir **Stjórn OR**		Samvinnuaðilar
Útdráttur Skýrsla til stjórnar OR á grundvelli 8. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Inniheldur samantekt um framkvæmd regluvörslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar 2016 – 31. desember 2017.		
Efnisorð **Regluvarsla, regluvörður, innherjar, innherja-upplýsingar, útgefandi verðbréfa, stjórn OR.**		Yfirfarið ES

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT 4

1. ALMENNT 5

1.1. STAÐA REGLUVARÐAR OG AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM.....5

1.2. UPPLÝSINGAR BIRTAR OPINBERLEGA Á TÍMABILINU. 5

1.3. FRESTUN Á BIRTINGU INNHERJAUPPLÝSINGA.....5

1.3.1 Lán frá EIB í maí 2016.....6

1.4. VIÐMIÐ STJÓRNAR UM FRUMINNHERJA. 6

1.5. VIÐSKIPTI MEÐ SKULDABRÉF OR. 8

1.6. FRÆÐSLA REGLUVARÐAR.....8

1.7. SAMSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ.....8

1.8. EINSTÖK TILVIK SEM UPP HAFA KOMIÐ.....8

1.8.1 Frestun á birtingu upplýsinga.....8

2. LOKAORÐ..... 8

3. VIÐAUKI I – TILKYNNINGAR BIRTAR Í KAUPHÖLL ÁRIÐ 2016 9

4. VIÐAUKI II – TILKYNNINGAR BIRTAR Í KAUPHÖLL ÁRIÐ 2017 12

1. Almennt

Í skýrslu þessari, sem tekur til tímabilsins frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2017, er að finna yfirlit yfir starf regluvarðar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á árunum 2016 og 2017.[1] Í skýrslunni er að finna annars vegar almennar upplýsingar um störf regluvarðar og hins vegar er greint frá einstökum atriðum þar sem ástæða er til. Efnistök skýrslunnar eru í samræmi við 8. grein reglna nr. 1050/2012.

1.1. Staða regluvarðar og aðgangur að upplýsingum.

Regluvörður er lögfræðingur á skrifstofu forstjóra og staðgengill regluvarðar er Elín Smáradóttir yfirmaður lögfræðimála. Í reglum nr. 1050/2012 segir að regluvörður skuli búa yfir fullnægjandi þekkingu til að geta gegnt starfi sínu. Í því skyni hafa regluvörður og staðgengill sótt námskeið og fræðslufundi sem tengjast starfinu.

Bæði regluvörður og staðgengill hans hafa víðtækan aðgang að upplýsingum og gögnum innan fyrirtækisins og ekki hefur komið til neins ágreinings þar að lútandi. Ef þörf hefur verið á hafa stjórnendur og starfsmenn fundað með regluverði og veitt ráðgjöf vegna úrlausnar mála. Samstarf við stjórnendur og starfsmenn hefur verið með ágætum og ekki hefur komið til ágreinings hvað mat á upplýsingum varðar.

1.2. Upplýsingar birtar opinberlega á tímabilinu.

Reglulegar fréttir eru sendar á Kauphöll vegna samþykktar árs- og árshlutareikninga. Aðrar fréttir eru sendar samkvæmt mati stjórnenda hverju sinni, eftir atvikum að undangenginni ráðgjöf regluvarðar. Slíkar fréttir geta m.a. lotið að breytingum á lánakjörum, mikilvægum samningaviðræðum og breytingum á lánshæfismati.

Á árinu 2016 birti OR 37 fréttir á vef Kauphallar, þar af fimm vegna samþykktar árs- og árshlutareikninga. Á árinu 2017 voru birtar fréttir alls 16 talsins, þar af fimm vegna samþykktar árs- og árshlutareikninga.[2] Í viðauka 1 og 2 er yfirlit yfir þær auk hlekkja á fréttirnar sjálfar og birt fylgiskjöl.

1.3. Frestun á birtingu innherjaupplýsinga.

Samkvæmt lögum nr. 108/2007 ber OR sem útgefanda verðbréfa að birta almenningi allar innherjaupplýsingar sem varða fyrirtækið eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Þrátt fyrir það er í tilteknum undantekningartilvikum heimilt að fresta birtingu til að vernda lögmæta hagsmuni OR. Ef skilyrði frestunar eru uppfyllt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu (FME) um frestun og tryggja að með upplýsingarnar sé farið á þann máta sem lög og reglur kveða á um.

[1] Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og reglum nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, ber regluverði að standa að skýrsluskilum til stjórnar a.m.k. árlega til að gera stjórn grein fyrir framkvæmd regluvörslu, enda er hann ábyrgur fyrir eftirliti með því að reglunum sé fylgt. Ekki var lögð fram fyrir stjórn sérstök skýrsla vegna ársins 2016 og tekur skýrsla regluvarðar að þessu sinni til tveggja starfsára.

[2] Fréttir sem birtar eru má finna á vef Kauphallar: http://www.nasdaqomxnordic.com/frettir/fyrirtaekjafrettir/

1.3.1 Lán frá EIB í maí 2016

Í maí 2016 var heimild til frestunar vegna samþykktar stjórnar OR, dags. 23. maí 2016 um lán frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB). Um var að ræða lántöku hjá EIB að fjárhæð EUR 70 milljónir (ca 10 makr.) og jafnframt heimild til forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála til að undirrita öll skjöl sem lántakan náði yfir. Lántakan var í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun en var háð samþykki og ábyrgð eigenda OR.

Upplýsingarnar voru verðmótandi og um leið innherjaupplýsingar. Þar sem enn átti eftir að samþykkja lánið af hálfu stjórnar EIB var ákveðið að fresta birtingu upplýsinganna þar til slíkt samþykki lægi fyrir. Tilkynnt var um frestunina til Fjármálaeftirlitsins strax í kjölfarið á ákvörðun stjórnar og var stjórn haldið upplýstri.

Við ákvarðanatöku um frestun var byggt á því að hún verndaði lögmæta hagsmuni OR. Mikilvægt væri að vernda hagsmuni fyrirtækisins af því að viðhalda góðu og traustu viðskiptasambandi við viðsemjanda sinn, í þessu tilviki EIB. Einnig væri brýnt að tryggja að markaðurinn fengi ekki villandi upplýsingar þar sem lántakan var háð fyrirvara lánveitanda megin. Þá var litið til þess að OR gæti tryggt trúnað um upplýsingarnar með því að fylgja reglum um varfærna meðferð upplýsinganna.

Þegar samþykkt lá fyrir af hálfu stjórnar EIB var, þann 7. júní 2016, birt Kauphallartilkynning um samþykki stjórnar OR fyrir lántökunni og var FME því tilkynnt um brottfall tímabundins innherjalista. Aðilar sem haft höfðu vitneskju um frestun voru upplýstir um málalyktir.

Ekki er ástæða til að gera neinar athugasemdir við framkvæmdina. Ferlið gekk snurðulaust fyrir sig og samstarf við stjórnendur og hlutaðeigandi starfsmenn einnig.

1.4. Viðmið stjórnar um fruminnherja.

Samkvæmt 11. gr. reglna 1050/2012 ber stjórn að setja viðmið um hverja skuli setja á lista OR yfir fruminnherja til viðbótar þeim þeirri skilgreiningu sem er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti.[3]

Núgildandi viðmið voru samþykkt af stjórn þann 23. febrúar 2015 á 213. fundi stjórnar. Þau eru svohljóðandi:

> *Á fruminnherjalista skulu öllu jöfnu vera skráðir stjórnarmenn í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, varamenn þeirra, forstjóri og stjórnendur innan hennar sem birtir eru í skipuriti, innri og ytri endurskoðendur fyrirtækisins, endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og borgarbókari Reykjavíkurborgar.*
>
> *Einnig skulu aðrir starfsmenn samstæðunnar sem hafa víðtækan aðgang að gögnum vera skráðir fruminnherjar, t.a.m. starfsmenn upplýsingatækni og öryggisverðir. Skal regluvörður meta þörf á skráningu slíkra aðila á innherjalista hverju sinni.*
>
> *Verði innherji ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og reglur*

[3] Samkvæmt 121. gr. laga um verðbréfaviðskipti er með innherja átt við 1) fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga, 2) tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og 3) annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.

Skipurit OR samstæðu er umfangsmikið og þar eru tilgreindir allir stjórnendur innan samstæðunnar, hátt í 40 talsins.[4] Að mati regluvarðar er þetta fjölmennari hópur en efni standa til enda afar sjaldgæft að staðreynt sé að innherjaupplýsingar séu til staðar í samstæðu OR. Þá er það að auki afar afmarkaður hópur sem almennt starfar á þeim vettvangi innan OR þar sem þær gæti helst verið að finna, einkum þá innan þeirra eininga sem meðhöndla viðkvæmar upplýsingar fjármálalegs eðlis. Væri því rétt að breyta tilvísun viðmiðanna til stjórnenda þannig að þau taki til helstu stjórnenda frekar en allra stjórnenda í skipuriti.

Þá telur regluvörður að ekki sé ástæða til að hafa á innherjalista aðila sem standa utan samstæðunnar og hafa ekki frumaðgang að gögnum. Er þar einkum átt við fjármálastjóra Reykjavíkurborgar og borgarbókara Reykjavíkurborgar. Ekki fæst séð að upp geti komið tilvik þar sem þessir aðilar hafi aðgang að innherjaupplýsingum sem starfsmenn OR hafi ekki þegar aðgang að. Í þeim tilvikum sem staðreynt sé að innherjaupplýsingar séu til staðar innan samstæðu OR er sérstaklega haldið utan um meðferð þeirra og aðgang eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Sé ekki tilkynnt um þær um leið og tilvist þeirra er staðreynd er tilkynnt um frestun birtingar upplýsinganna. Sé ástæða til að veita aðilum utan fruminnherjalista aðgang að upplýsingunum sem um ræðir setur regluvörður upp tímabundinn innherjalista sem tilkynntur er sérstaklega til Kauphallar. Á þann lista yrðu þá skráðir umræddir aðilar þegar og ef þeir fengju aðgang að innherjaupplýsingunum sem um væri að ræða. Að mati regluvarðar ætti að skrá utanaðkomandi aðila á slíkan lista þegar og ef þess gerist þörf, frekar en að halda þeim inn á fruminnherjalista að staðaldri.

Þar sem viðmiðin eru umfangsmeiri en efni standa til er lagt til að þeim verði breytt þannig að á innherjalista verði skráðir stjórnarmenn og varamenn þeirra, forstjóri og helstu stjórnendur í skipuriti, þ.e. þeir sem helst hefðu aðgang að innherja-upplýsingum innan samstæðu OR væru þær til staðar. Einnig endurskoðendur og endurskoðunarnefnd vegna reglubundinna starfa þeirra innan samstæðu OR. Með hliðsjón af framangreindu er það tillaga regluvarðar að viðmiðin verði svohljóðandi:

> *Á fruminnherjalista skulu öllu jöfnu vera skráðir stjórnarmenn í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, varamenn þeirra, forstjóri og helstu stjórnendur innan hennar, innri og ytri endurskoðendur fyrirtækisins og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.*
>
> *Einnig skulu aðrir starfsmenn samstæðunnar sem hafa víðtækan aðgang að gögn-um vera skráðir fruminnherjar, t.a.m. starfsmenn upplýsingatækni og öryggisverðir. Skal regluvörður meta þörf á skráningu slíkra aðila á innherjalista hverju sinni.*
>
> *Verði innherji ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.*

Samhliða framlagningu skýrslu þessarar fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur regluvörður fram tillögu til hennar um breytt viðmið við skráningu innherjalista.

[4] https://www.or.is/sites/or.is/files/ski-010-100_skipurit_or.pdf

1.5. Viðskipti með skuldabréf OR.

Á árunum 2016 og 2017 áttu engin viðskipti átt sér stað með skuldabréf OR. Hefur því hvorki komið til þess að innherjar hafi leitað til regluvarðar vegna rannsóknarskyldu né hefur regluvörður þurft að taka afstöðu til hugsanlegra viðskipta.

1.6. Fræðsla regluvarðar.

Samkvæmt 23. gr. reglna nr. 1050/2012 ber regluverði að fræða fruminnherja um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja. Skal það gert þegar aðili fer á lista yfir fruminnherja og reglulega þar á eftir.

Regluvörður hefur lagt upp með að standa fyrir fræðslu um regluvörslu og innherjaupplýsingar annað hvert ár. Síðast var staðið fyrir slíkri fræðslu á árinu 2016 og er undirbúningur hafinn fyrir námskeið sem haldið verður með vorinu.

1.7. Samskipti við Fjármálaeftirlitið.

Samskipti við Fjármálaeftirlitið hafa verið með ágætum. Hefur regluvörður geta leitað þangað til ráðgjafar, upplýsingaöflunar auk þess sem FME stendur reglulega fyrir námskeiðum og fræðslufundum um málefni sem tengjast regluvörslu og lögum og reglum um verðbréfaviðskipti. Hið sama á við um samskipti við Kauphöll.

1.8. Einstök tilvik sem upp hafa komið.

1.8.1 Frestun á birtingu upplýsinga

Sjá kafla 1.3.1 um frestun á birtingu vegna lántöku hjá EIB bankanum.

2. Lokaorð

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir starfsemi regluvörslu á árunum 2016 og 2017. Samskipti innan samstæðu OR um meðhöndlun innherjaupplýsinga eru góð sem og samskipti við eftirlitsaðila þar um. Starfsmenn og stjórnendur eru almennt meðvitaðir um upplýsingaskyldu OR og hafa þeir leitað ráðgjafar hjá regluverði við mat á birtingarskyldu. Mikilvægt er að svo sé, sér í lagi þegar unnið er að veigamiklum málum sem skipt geta máli m.t.t. verðmætis skuldabréfa útgefnum af OR. Til að viðhalda því verður á árinu 2018 staðið að fræðslu fyrir innherja og aðra starfsmenn samstæðu OR um regluvörslu og upplýsingaskyldu OR vegna skuldabréfaútgáfu.

3. Viðauki I – tilkynningar birtar í Kauphöll árið 2016

37 fréttir, þar af 5 tengdar ársreikningi og árshlutareikningum.

Dagsetning (CET)	Fyrirtæki	Fréttaflokk	Efni	Viðh.
2016-11-30 14:10:14	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2016-11-30 14:10:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR011222	
2016-11-29 14:03:23	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	CORRECTION: Endurskoðaðar fjárhagsspár OR 2017-2022	
2016-11-28 20:43:57	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Endurskoðaðar fjárhagsspár OR 2017-2022	
2016-11-28 16:16:56	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Góð rekstrarniðurstaða OR	
2016-11-23 23:16:52	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2016-11-16 22:25:31	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Útboð OR á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum 23. nóvember	
2016-11-08 14:45:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2016-11-08 14:45:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR300317	
2016-11-08 14:45:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Grunnlýsing	
2016-11-08 14:45:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090524	
2016-10-28 18:04:45	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Leiðrétt: OR stofnar útgáfuramma skuldabréfa og víxla	
2016-10-26 10:30:32	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	OR stofnar útgáfuramma skuldabréfa og víxla	

Dagsetning (CET)	Fyrirtæki	Fréttaflokk	Efni	Viðh.
2016-10-03 19:05:35	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Fjárhagur styrkist, fjárfestingar aukast og verð á þjónustu lækkar	
2016-09-30 15:47:24	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Samið um breytingu á afborgunum skuldabréfs	
2016-09-27 20:39:30	Orkuveita Reykjavíkur	Fjárhagsdagatal	Fjárhagsspá samstæðu OR 2017 og fimm ára spá 2018-2022 birt í viku 40	
2016-09-12 08:43:16	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Niðurstaða víxla- og skuldabréfaútboðs OR	
2016-09-05 19:15:19	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Moody's hækkar lánshæfiseinkunn OR	
2016-09-02 12:11:22	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Útboð OR á skuldabréfum og víxlum 9. september	
2016-08-22 18:32:48	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Góð afkoma OR á fyrri hluta ársins	
2016-06-28 18:03:15	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Framlenging og endurfjármögnun skuldabréfs	
2016-06-28 14:07:51	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Niðurstaða víxlaútboðs og hækkun fjármögnunarheimildar	
2016-06-24 11:21:35	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Niðurstaða úr víxlaútboði OR	
2016-06-22 14:41:57	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Breyting á útboði	
2016-06-16 18:43:09	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Útboð OR á skuldabréfum og víxlum 23. júní	
2016-06-13 23:21:36	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Moody's skoðar hækkun á lánshæfiseinkunn OR	
2016-06-07 11:48:17	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	OR semur við Evrópska fjárfestingabankann	
2016-05-23 17:01:39	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Rekstur OR í traustu horfi	

Dagsetning (CET)	Fyrirtæki	Fréttaflokk	Efni	Viðh.
2016-05-03 10:32:18	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Niðurstaða úr skuldabréfaútboði OR	
2016-04-29 15:55:24	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Lánshæfismat Reitunar gildir um skuldabréfaútgáfu OR	
2016-04-25 17:50:01	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Útboð á nýjum skuldabréfum OR 2. maí	
2016-04-18 16:17:36	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Af aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 2016	
2016-03-22 15:05:48	Orkuveita Reykjavíkur	Fjárhagsdagatal	Áætluð reglubundinn birting fjárhagsupplýsinga OR 2016 - uppfært	
2016-03-22 10:37:20	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Reitun hækkar lánshæfiseinkunn OR	
2016-03-02 17:13:23	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Skuldir OR lækkað um 76 milljarða á sex árum	
2016-02-17 11:11:46	Orkuveita Reykjavíkur	Fyrirtækjafréttir	Kynning á fjárhagsstöðu OR	
2016-02-16 10:09:28	Orkuveita Reykjavíkur	Fjárhagsdagatal	Áætluð reglubundinn birting fjárhagsupplýsinga OR 2016	

4. Viðauki II – tilkynningar birtar í Kauphöll árið 2017

16 fréttir, þar af 5 tengdar ársreikningi og árshlutareikningum.

2017-12-22 19:45:12	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Grunnlýsing skuldabréfa og víxla án eigendaábyrgðar	
2017-12-18 15:48:23	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Fjármögnun OR 2018 samþykkt af stjórn	
2017-12-01 18:56:34	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Tilkynning frá Orkuveitu Reykjavíkur	
2017-11-20 19:07:06	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Frá Orkuveitu Reykjavíkur	
2017-11-20 15:31:06	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Prýðileg rekstrarniðurstaða OR eftir níu mánuði	
2017-10-30 15:41:32	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboði aflýst	
2017-10-25 14:33:41	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboð OR 31. október	
2017-10-20 16:41:00	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Fjárhagur OR styrkist áfram	
2017-10-04 18:27:44	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2017-09-28 23:42:55	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2017-09-25 13:09:40	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	LEIÐRÉTTING: Skuldabréfaútboð OR 28. september, frétt birt 2017-09-25 10:31:01 GMT	
2017-09-25 12:31:01	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboð OR 28. september	
2017-08-25 16:00:00	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Frá Orkuveitu Reykjavíkur	
2017-08-24 17:05:19	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Traust afkoma OR	

2017-06-15 14:20:39	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Jákvæðar horfur hjá OR að mati Moody's	
2017-05-24 15:30:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2017-05-24 15:30:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090524	
2017-05-23 00:18:34	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2017-05-16 18:17:18	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboð OR mánudaginn 22. maí	
2017-05-15 17:17:51	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Jákvæð niðurstaða í rekstri OR á fyrsta ársfjórðungi	
2017-05-08 12:47:26	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Jákvæðar horfur hjá OR	
2017-04-11 12:08:27	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2017-04-05 00:27:39	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	CORRECTION: Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2017-04-03 22:58:33	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2017-04-03 16:21:36	Orkuveita Reykjavíkur	Niðurstöður hluthafafundar	Aðalfundur OR 2017	
2017-03-30 18:28:25	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	CORRECTION: Skuldabréfaútboð OR 3. apríl	
2017-03-30 17:03:50	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboð OR 3. apríl	
2017-03-23 09:02:35	Orkuveita Reykjavíkur	Ársreikningur	Fjármálaskýrsla OR 2016	

2017-03-07 15:44:12	Orkuveita Reykjavíkur	Reikningsskil	Planið gekk upp - Ársreikningur OR 2016	
2017-03-02 14:37:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090524	
2017-03-02 14:37:00	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR011222	
2017-03-02 14:30:49	Orkuveita Reykjavíkur	Lýsing/tilkynning um birtingu lýsingar	Orkuveita Reykjavíkur - Endanlegir skilmálar OR090546	
2017-02-28 23:27:35	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Niðurstaða skuldabréfaútboðs OR	
2017-02-22 15:29:42	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Skuldabréfaútboð OR 28. febrúar	
2017-02-16 18:15:41	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Fjárfestingaspá lækkuð	
2017-02-10 18:11:57	Orkuveita Reykjavíkur	Aðrar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við reglur Kauphallarinnar	Fitch hækkar lánshæfiseinkunn OR	
2017-01-17 09:28:47	Orkuveita Reykjavíkur	Fjárhagsdagatal	Áætluð reglubundinn birting fjárhagsupplýsinga OR 2017	

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 256
23. febrúar 2017

Tillaga regluvarðar OR um viðmið stjórnar OR um fruminnherja

Stjórn OR samþykkir eftirfarandi viðmið yfir það hverja skuli setja á fruminnherjalista Orkuveitu Reykjavíkur til viðbótar þeirri skilgreiningu sem er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti:

> *Á fruminnherjalista skulu öllu jöfnu vera skráðir stjórnarmenn í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, varamenn þeirra, forstjóri og helstu stjórnendur innan hennar, innri og ytri endurskoðendur fyrirtækisins og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.*
>
> *Einnig skulu aðrir starfsmenn samstæðunnar sem hafa víðtækan aðgang að gögnum vera skráðir fruminnherjar, t.a.m. starfsmenn upplýsingatækni og öryggisverðir. Skal regluvörður meta þörf á skráningu slíkra aðila á innherjalista hverju sinni.*
>
> *Verði innherji ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.*

Greinargerð

Samkvæmt 11. gr. reglna 1050/2012 ber stjórn að setja viðmið um hverja skuli setja á lista OR yfir fruminnherja til viðbótar þeim þeirri skilgreiningu sem er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti.[1] Núgildandi viðmið voru samþykkt af stjórn þann 23. febrúar 2015 á 213. fundi stjórnar. Þau eru svohljóðandi:

> *Á fruminnherjalista skulu öllu jöfnu vera skráðir stjórnarmenn í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, varamenn þeirra, forstjóri og stjórnendur innan hennar sem birtir eru í skipuriti, innri og ytri endurskoðendur fyrirtækisins, endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og borgarbókari Reykjavíkurborgar.*
>
> *Einnig skulu aðrir starfsmenn samstæðunnar sem hafa víðtækan aðgang að gögnum vera skráðir fruminnherjar, t.a.m. starfsmenn upplýsingatækni og öryggisverðir. Skal regluvörður meta þörf á skráningu slíkra aðila á innherjalista hverju sinni.*
>
> *Verði innherji ekki við tilmælum regluvarðar um skil á yfirlýsingu um að hann og fjárhagslega tengdir aðilar hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og reglur sem um viðskipti þeirra gilda, ber regluverði að upplýsa stjórn um það í reglulegri skýrslu sinni til stjórnar.*

[1] Samkvæmt 121. gr. laga um verðbréfaviðskipti er með innherja átt við 1) fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga, 2) tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og 3) annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Sími • Tel. +354 516 6100
www.or.is

Skipurit OR samstæðu er umfangsmikið og þar eru tilgreindir allir stjórnendur innan samstæðunnar, hátt í 40 talsins.[2] Að mati regluvarðar er þetta fjölmennari hópur en efni standa til enda afar sjaldgæft að staðreynt sé að innherjaupplýsingar séu til staðar í samstæðu OR. Þá er það að auki afar afmarkaður hópur sem almennt starfar á þeim vettvangi innan OR þar sem þær gæti helst verið að finna, einkum þá innan þeirra eininga sem meðhöndla viðkvæmar upplýsingar fjármálalegs eðlis. Væri því rétt að breyta tilvísun viðmiðanna til stjórnenda þannig að þau taki til helstu stjórnenda frekar en allra stjórnenda í skipuriti.

Þá telur regluvörður að ekki sé ástæða til að hafa á innherjalista aðila sem standa utan samstæðunnar og hafa ekki frumaðgang að gögnum. Er þar einkum átt við fjármálastjóra Reykjavíkurborgar og borgarbókara Reykjavíkurborgar. Ekki fæst séð að upp geti komið tilvik þar sem þessir aðilar hafi aðgang að innherjaupplýsingum sem starfsmenn OR hafi ekki þegar aðgang að. Í þeim tilvikum sem staðreynt sé að innherjaupplýsingar séu til staðar innan samstæðu OR er sérstaklega haldið utan um meðferð þeirra og aðgang eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Sé ekki tilkynnt um þær um leið og tilvist þeirra er staðreynd er tilkynnt um frestun birtingar upplýsinganna. Sé ástæða til að veita aðilum utan fruminnherjalista aðgang að upplýsingunum sem um ræðir setur regluvörður upp tímabundinn innherjalista sem tilkynntur er sérstaklega til Kauphallar. Á þann lista yrðu þá skráðir umræddir aðilar þegar og ef þeir fengju aðgang að innherjaupplýsingunum sem um væri að ræða. Að mati regluvarðar ætti að skrá utanaðkomandi aðila á slíkan lista þegar og ef þess gerist þörf, frekar en að halda þeim inn á fruminnherjalista að staðaldri.

Þar sem viðmiðin eru umfangsmeiri en efni standa til er lagt til að þeim verði breytt þannig að á innherjalista verði skráðir stjórnarmenn og varamenn þeirra, forstjóri og helstu stjórnendur í skipuriti, þ.e. þeir sem helst hefðu aðgang að innherjaupplýsingum innan samstæðu OR væru þær til staðar. Einnig endurskoðendur og endurskoðunarnefnd vegna reglubundinna starfa þeirra innan samstæðu OR. Með hliðsjón af þessu er framangreind tillaga lögð fram.

Íris Lind Sæmundsdóttir,
regluvörður

Error! Reference source not found.Error! Reference source not found.

[2] https://www.or.is/sites/or.is/files/ski-010-100_skipurit_or.pdf

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. SF 256

Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri

Dagsetning: 22.2.2018

Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 26.2.2018. Staða tveggja árangurs-mælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“.**

	Heiti mælikvarða	2015				2016				2017			
		Q1	Q2	Q3	Q4	Q1	Q2	Q3	Q4	Q1	Q2	Q3	Q4
1	Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt*												
1	Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt**												
1	Opinber leyfi OR í gildi og uppfyllt***												
2	Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti****												

* Varmamengun í lindum við Þingvallavant v. Nesjavallavirkjunar, dvínun viðtöku niðurrennslisvæða og rennsli á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun, umhverfisslys við Andakílsárvirkjun

** Losun á skólpi um yfirfall í Faxaskjóli > en 5% af tíma ársins, losun skólps um neyðarútrásir

*** Bráðabirgðarekstrarleyfi mötuneytis að Bæjarhálsi, veitingaleyfi í stöðvarstjórahúsi

**** Styrkur fór tvisvar sinnum yfir 24 klst. hlaupandi meðaltal í Norðlingaholti í mars, einu sinni yfir mörkin í Hveragerði í nóvember og einu sinni í desember.

1. Opinber leyfi ON, Veitna og OR í gildi og uppfyllt.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

UMHVERFISSLYS VIÐ ANDAKÍLSÁRVIRKJUN.
Tekin hefur verið ákvörðun um að ekki verði veitt í ánni sumarið 2018. Sérfræðingar Hafrannsókna-stofnunnar leggja áherslu á að sá fiskur sem skili sér upp í Andakílsá fái frið til að hrygna. Verið er að vinna í því að fá heimild til að ráðast í frekari hreinsun árinnar.

AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR VARMALOSUN VIÐ NESJAVALLAVIRKJUN
Niðurrennslisholur taka vel við öllu jarðhitavatni og er unnið að því að ná betri stjórnun á niðrrennslinu. Hafin er undirbúningur á niðurrennsli í jarðhitakerfið en til stendur að tengja borholu NJ-18 við niðurrennslisveituna.

STAÐA AUÐLINDA. Sjá nánar minnisblað framkvæmdastjóra Þróunar OR um forðagæslu.

RENNSLI Á YFIRFALL – HELLISHEIÐI OG HVERAHLÍÐ.

- Hellisheiði:
. 9. janúar. Breytingar í gufuveitu. Rennsli um 60 l/s.
. 12.13. janúar. Eldsvoði. Rennsli um 400 l/s.
. 15-16. febrúar. Bilun í sjóðarasetti. Rennsli um 350 l/s.

SAMRÁÐ VIÐ LEYFISVEITENDUR OG HAGSMUNAAÐILA
Reglubundinn fundur var haldinn 20. febrúar sl þar sem fjallað var um hreinsun og niðurdælingu á brennisteinsvetni og áhrif yfirborðsrennslis á grunnvatn.

VEITUR:

FRÁVEITA:

- Neyðarútrás í Klettagörðum opnaðist 11. janúar í rúmar 0,5 klst. vegna útsláttar innrásardæla.
- Neyðarútrás í Laugalæk opnaðist 5. febrúar í rúma 1,5 klst. vegna háspennubilunar.
- Neyðarútrás í Gufunesi opnaðist 20. febrúar í um 4 klst. vegna mikils aðrennslis.
- Neyðarútrás í Skeljanesi opnaðist 2. febrúar í 10 klst., 4 febrúar í 3,5 klst., 19. febrúar í rúman sólarhring, 20. febrúar í rúmlega 1 klst, 21. febrúar og 22. febrúar í 4,5 klst. vegna mikils aðrennslis.
- Hreinsistöð í Borgarnesi. Gangsetning er hafin.

VATNSVEITA

- Hætta vegna hálku á vegum á vatnsverndarsvæðinu í Heiðmörk.
  - Vegum í Heiðmörk hefur verið lokað nokkrum sinnum frá áramótum vegna hálku. Samráð er viðhaft milli Reykjavíkurborgar, Veitna og Skógræktarfélags Reykjavíkur.
- Gerlar mældust aftur í sýnum sem tekin voru úr borholum að Jaðri og Myllulæk í Heiðmörk seinni hluta janúar. Veitur brugðust strax við og upplýstu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um stöðuna. Það var niðurstaða heilbrigðiseftirlitsins, Matvælastofnunar og embættis sóttvarnarlæknis að þrátt fyrir þetta væri neysluvatnið öruggt til neyslu. Vinnuhópur um bætt verklag m.a. vegna tilkynninga til almennings mun ljúka störfum í lok febrúar. Veitur hafa sett upp lýsingartæki við eina holu í tilraunaskyni. Veitur vinna nú að því að tengja borholur í Vatnsendakrikum en yfirborðsmengun hefur ekki mælst þar.
- Örplast finnst í neysluvatni. Í vatnssýnum sem safnað var úr vatnsveitu Veitna kom í ljós að 0,2-0,4 plastagnir fundust í hverjum lítra vatns. Eru þetta mun betri niðurstöður en birtar voru í erlendri skýrslu um örplast í neysluvatni sem var í fréttum hér á landi í september. Þar kom fram að 83% þeirra 159 sýna

sem skýrslan byggir á, og tekin voru víðs vegar í heiminum, innihéldu að meðaltali tuttugufalt og allt að 400-falt magn plastagna miðað við það sem fannst í neysluvatni Reykvíkinga. Þrátt fyrir að þessar niðurstöður gefi vísbendingar um ágæta stöðu þarf að taka þeim með fyrirvara m.a. þar sem ekki er til viðurkennd sýnatöku- og greiningaraðferð. Engar reglugerðir eru til um örplast í neysluvatni, ekki eru til viðmiðunarmörk, engin krafa er um hreinsun örplasts úr neysluvatni og ekki er til heildstætt mat á magni og uppruna plasts í umhverfinu. Veitur munu fylgjast með örplasti í neysluvatni Reykvíkinga og vísindalegri umræðu. Matís hefur hafið rannsókn á örplasti í neysluvatni í Reykjavík.

- Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum. Drög að tillögu að matsáætlun hafa verið auglýst og frestur til athugasemda er til 5. mars.
- **HITAVEITA:** Ekkert nýtt.

RAFMAGNSVEITA:

- Unnið að hönnun spennistöðvar fyrir tengivirki Landsnets við Lyklafell innan grannsvæðis vatnsverndar í landi Mosfellsbæjar.
- Niðurtekt á 11 kV loftlínum víða í dreifikerfi Veitna. Til dæmis verður Skálafellslína að mestu lögð í jörðu 2018. Gert er ráð fyrir að leggja háspennustreng í gegnum vatnsverndarsvæði Mosfellsbæjar. Settar verða nýjar dreifstöðvar með umhverfisvænni olíu eða loftkældir spennar.
- Heiðmerkurlína. Unnið að hönnun á niðurtekt á línunni innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins samhliða lagningu á streng fyrir varafl frá fyrirhugaðri varafaflstöð sem til stendur að byggja við hlið Aðveitustöðvar 12 utan vatnsverndarsvæðisins.
- Lagning nýs háspennustrengjakerfis í Kollafirði í stað gamallar loftlínu og uppsetning á nýrri dreifistöð.

2. Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

STYRKUR BRENNISTEINSVETNIS á Norðlingaholti og í Hveragerði janúar – febrúar 2018 var undir viðmiðunarmörkum fyrir hlaupandi 24 klst meðaltal.

Norðlingaholt (óyfirfarin gögn)



Hveragerði (óyfirfarin gögn)



Mynd 1. Sólarhringsmeðaltal fyrir styrk brennisteinsvetnis á Norðlingaholti og í Hveragerði frá janúar til febrúar 2018. Til viðmiðunar eru sýnd umhverfismörk (rauð lína) samkvæmt reglugerð nr. 514/2010.

VIÐBÓTAR LOFTGÆÐAMÆLISTÖÐ. Gert er ráð fyrir að stöðin verði sett upp í Úlfarsárdal í lok febrúar/byrjun mars.

4. Annað

ÞEKKINGARMIÐLUN.

Árlegur upplýsingafundur um umhverfismál með leyfisveitendum á starfssvæði samstæðu OR vegna útgáfu umhverfisskýrsluhluta ársskýrslu OR 2017 var haldinn 9. febrúar sl. Hólmfríður umhverfisstjóri fór yfir helstu þætti sem varða umhverfismál ársins 2017. Inga Dóra Hrólfsdóttir framkvæmdastjóri Veitna fór yfir stöðu og næstu skref vegna mælinga á örverum í borholum að Jaðri og Myllulæk í Heiðmörk. Fundurinn var vel sóttur.

ANNAÐ. Óháðri úttekt á sjálfbærni reksturs Hellisheiðarvirkjunar fór fram 25. janúar til 1. febrúar. Úttektin byggir á drögum að matslykli á sjálfbærni jarðvarmavirkjana og er að fyrirmynd alþjóðlegs matslykils á sjálfbærni vatnsaflsvirkjana (e. Hydropower Sustainability Assessment Protocol (HSAP)). í fyrsta sinn er gerð tilraun til að aðlaga HSAP að rekstri jarðvarmavirkjana og varð Hellisheiðarvirkjun fyrst sinnar tegundar til að fara í úttekt af þessu tagi. Gefi úttektin góða raun er lagður grunnur að óháðum matslykli á sjálfbærni jarðvarmavirkjana sem nýst getur jarðvarmasamfélaginu.

MINNISBLAÐ UM FORÐAGÆSLU

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri

Sendandi: Edda S.P. Aradóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Þróunar

Dagsetning: 22. febrúar 2018

Lághiti

Hitaveita höfuðborgarsvæðisins
Kuldatíð s.l. vikna hefur fylgt mikið áhlaup og álag á Hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Nýtt met var sett í eftirspurn eftir heitu vatni laugardaginn 20. janúar þegar mesta sólarhringsmeðalgildi framrennslis var 15.689 m^3/klst kl.01. Gamla metið var 15.540 m^3/klst en það mældist 6.des 2013 kl.07. Meðfylgjandi mynd setur áhlaup undangenginna vikna í samhengi við fyrri metakafla og sýnir hve mikið lengd kuldaskeiða hefur að segja. Árið 2013 var t.a.m. sett met í klst gildi og 24 stunda gildi framrennslis en engu að síður er sá atburður lítill m.v. álagið í ár.



Mynd 1: 7 daga meðalgildi framrennslis í kuldatíð síðustu vikna samanborið við fyrri atburði

Heildarafkastageta hitaveitunnar er metin um 17.000 m^3/klst. miðað við hita reiknaðan í 80°C og er ljóst að hana þarf að auka í náinni framtíð. Unnið er að því að lista upp og forgangsraða kostum til að mæta aukinni eftirspurn til framtíðar.

Örplast í neysluvatni
Í vatnssýnum sem safnað var úr vatnsveitu Veitna í Reykjavík kom í ljós að 0,2-0,4 plastagnir fundust í hverjum lítra vatns. Agnirnar eru að langmestu leiti plastþræðir en einnig fundust flögur og plastbrot. Eru þetta mun betri niðurstöður en birtar voru í erlendri skýrslu um örplast í neysluvatni sem var í fréttum hér á landi í september. Þar kom fram að 83% þeirra 159 sýna sem skýrslan byggir á, og tekin voru víðs vegar í heiminum, innihéldu að meðaltali tuttugufalt og allt að 400-falt magn plastagna miðað við það sem fannst í neysluvatni Reykvíkinga.

Engin viðmið eða reglugerðir eru til um örplast í vatni og mjög lítið til af birtum rannsóknum. Umfangsmiklar rannsóknir eru að hefjast á Norðurlöndunum um örplast í neysluvatni. Fylgst verður með erlendum rannsóknum og vatn í kerfum Veitna verður vaktað næstu árin.

Háhiti

Boranir

Borun holu HE-61 í Hverahlíð hófst þann 2. febrúar s.l. en holan er staðsett á sama teig og holur HE-21 og HE-54. Stefnt er á að bora í um 2500 m og verður holunni stefnt til austurs. Hinn rafdrifni jarðbor Þór frá Jarðborunum borar holuna. Stefnt er að því að flytja borinn til Nesjavalla eftir að borun HE-61 lýkur þar sem hann mun bora holu NJ-29.

Nýjar eftirlitsmælingar úr Hverahlíð

Starfsleyfi Hverahlíðarsvæðisins byggir á bráðabirgðalíkani sem ÍSOR vann fyrir ON árið 2014 en árlegur niðurdráttur skv. því líkani er um 0,4–0,8 bar. Þar sem mældur niðurdráttar hefur verið öllu meiri en það fór Orkustofnun fram á að hermilíkan af Hverahlíð yrði endurskoðað. Það hefur verið gert og niðurstöðum skilað til Orkustofnunar. Rétt er að halda til haga að enn er mjög skammt síðan að vinnsla hófst í Hverahlíð og vinnslugögn því af mjög skornum skammti. Allir hermireikningar af svæðinu eru því enn sem komið er illa skorðaðir.

Losun jarðhitalofts frá Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjunum árið 2017

ON hefur unnið markvisst að minni losun jarðhitalofttegunda frá Hellisheiðarvirkjun undanfarin ár og árið 2017 var dælt niður og bundið í berg um 4.900 tonnum af brennisteinsvetnis og um 10.200 tonnum koldíoxíðs. Til samanburðar var dælt niður árið 2016 um 3.400 tonnum af brennisteinsvetni og um 6.600 tonnum af koldíoxíði. Hlutfallsleg heildarlosun í andrúmsloft frá Hellisheiðarvirkjun árið 2017 var um 66% af koldíoxíði og um 32% af brennisteinsvetni. Heildarlosun í andrúmsloft frá Nesjavallarvirkjun árið 2017 var um 14 þúsund tonn af koldíoxíði og tæplega 7000 tonn af brennisteinsvetni. Myndirnar hér að neðan sýna árlega niðurdælingu og losun brennisteinsvetnis og koltvíoixíðs frá Hellisheiðarvirkjun árin 2013 til 2017.



Styrkumsóknir í tengslum við rannsóknar- og þróunarverkefni

Fjórum styrkumsóknum var nýverið skilað í tengslum við starfsemi ON og OR á Hengilssvæðinu. M.a. er um er að ræða umsóknir sem tengjast frekari minnkunar gasútblásturs frá háhitavirkjunum, háhitaborunum og djúpborunarholu IDDP-3 sem boruð verður á Hengilssvæðinu.

Innkaupastefna OR

Kenneth Breiðfjörð

Stjórnarfundur OR

26.02.2018

Innkaupastefna OR

Samþykkt á stjórnarfundi OR, 20. febrúar 2017

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að:

- beita opnum útboðum við kaup á vörum, þjónustu og verkframkvæmdum og að hagstæðasta tilboði sé tekið. Að öðrum kosti skal beita lokuðum útboðum, verðfyrirspurnum meðal sem flestra eða beinum samningum eða innkaupum
- innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gegnsæjar
- gæta jafnræðis, gagnsæis og hagkvæmni við öll innkaup
- við innkaup og rekstur samninga skuli taka sérstakt tillit til gæða-, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða

Ábyrgð á innkaupum eru á hendi viðkomandi framkvæmdastjóra eða forstjóra.

Hvorki starfsmenn né stjórnarmenn geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila sem þeir eru í hagsmunatengslum við. Við mat á hæfi skal miða við stjórnsýslulög.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast viðskiptum við OR nema með sérstakri heimild forstjóra.

Innkaupastefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur

HAGSÝNI FRAMSÝNI HEIÐARLEIKI